



Fundargerð 77. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.  
Haldinn föstudaginn 16. Febrúar 2024, kl. 09:00 á Teams.

Mætt eru: Fannar Jónasson, Gunnar Axel Axelsson, Magnús Stefánsson, Árni Sigfússon, Þórdís Ósk Helgadóttir, Arnbjörn Ólafsson, Ægir Karl Ægisson og Jóhann Snorri Sigurbergsson.

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð) og Þuríður H. Aradóttir Braun

Dagskrá fundarins:

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Fannar Jónasson kjörinn formaður og Þórdís Ósk Helgadóttir sem varaformaður.

2. Fjárhagsáætlun Reykjanes jarðvangs ses.

Dagskrárlíð frestað.

3. Gestastofur Reykjanes Geopark – Framtíðaráform og staða verkefna.

Farið var yfir stöðu verkefnanna sem snúa að Gestastofum og sýningum Reykjanes Geopark.

Ljóst er að verkefnið í Kvikunni í Grindavík er í biðstöðu og ekki verður haldið áfram með verkefnið að svo stöddu á meðan núverandi aðstæður halda áfram. Rætt var um möguleika þess að koma nær tilbúnum atriðum fyrir á öðrum stað tímabundið t.d í DUUS. Þá var stjórn sammála um það að atriði sýningarinnar í Kvikunni sem eru tilbúin verði ekki seld eða leigð út til þriðja aðila.

Frekari umræðum frestað til næsta fundar.

Fannar Jónasson vék af fundi að loknum 3. dagskrárlíð. Þórdís Ósk Helgadóttir tók við fundarstjórn.

4. Evrópuráðstefna Geoparka – staða á verkefnum

- Bláa lónið – Höfum fundað tvívegis með BL vegna ráðstefnunnar, BL er núna að skoða hvað sé hægt að gera til að koma að ráðstefnunni með okkur.
- Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 5 mkr
  - Markaðsefni v. ráðstefnu
  - Fastan kostnað við ráðstefnu
  - Kynning á Reykjanes Geopark í Leifsstöð
- Styrkur frá UOL ráðuneytinu – 10 mkr í undirbúning og framkvæmd.
- Í byrjun mars er stefnt að því að opna fyrir skráningu þátttakenda og að birta á vef ráðstefnunnar upplýsingar varðandi tímasetningar, gistiþógleika og aðrar ferðaupplýsingar. Í framhaldi hefst svo undirbúnингur fyrir nákvæma dagsskrá ráðstefnunnar.
- Samtal um skólastofur í tónlistarskólanum til afnota á meðan á ráðstefnu stendur heldur áfram.



Þá var rætt um þema ráðstefnunnar í ljósi liðinna og yfirstandandi atburða á Reykjanesi.  
Undirbúningur ráðstefnunnar er á góðum stað.

## 5. Aðgerðaráætlun skv. Stefnumótun - eftirfylgni

Fræðsla og kynningarmál eru fyrirferðarmikil í áætluninni. Mesta vinnan undanfarið hefur farið í að vinna að því að koma verkefnum sem snúa að fræðslu og kynningarmálum af stað. Stjórn SSS samþykkti þríhliða samstarfssamning SSS / GEOCAMP / GEOPARK sem og áhersluverkefni sóknaráætlunar um fræðslustarf RGP. Áhersluverkefnið tryggir okkur 5 mkr á ári, 2024 og 2025. Þetta gerir okkur kleift að hefja vinnu við að vinna að fræðslu og kynningarverkefnum aðgerðaráætlunarinnar.

Viðhaldsmat og viðhaldsáætlun ferðamannastaða – Verkefnastjóri verður í sambandi við viðeigandi aðila innan hvers sveitarfélags og kemur verkefninu af stað.

## 6. Önnur mál

### a. Reykjanes Geopark og Reykjanes Fólkvangur

Nokkur sveitarfélög hafa sagt sig úr eða eru að huga að úrsögn úr stjórn Reykjanes Fólkvangs. Rætt var um hvort það hefði einhver áhrif á Reykjanes Geopark. Stjórn telur svo ekki vera. Þó teljist mikilvægt að friðlýsing Reykjanes Fólkvangs haldi velli.

Í fundargerð stjórnar Reykjanes Fólkvangs frá 23. maí 2023 undir lið 3 er ritað eftirfarandi: „tilvist Reykjanes Geopark byggir á því að svæðið sé friðlýst“. Hér um að ræða misskilning.

Stjórn Reykjanes jarðvangs vill leiðréッta þessa villa með eftirfarandi bókun:

Í fundargerð stjórnar Reykjanes Fólkvangs frá 23. maí 2023 undir lið 3 er ritað eftirfarandi: „tilvist Reykjanes Geopark byggir á því að svæðið sé friðlýst“. Sem er ekki rétt. Reykjanes Geopark stendur fyrir sínu þar sem hann er og starfsemin sem slík, en hins vegar getur friðlýsing eða friðlýst svæði innan hans, styrkt starfsemi jarðvangsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:05